

1869.

6. marz.

skattheimtu og reikninga, virðist einnig eiga að fara eptir reglu þeirri, sem þar er sett um, í hvaða sjóð sektir þær, sem þar er um rædt, eigi að renna. En með því að fátækra sjóður rentukammersins nú er runninn inn í ríkissjóðinn, og fyrir því ber að greiða hér í konungsríkinu sektir þær, sem ættu að renna í tæðan fátækra sjóð, í ríkissjóðinn, þá ber samkvæmt því að greiða alla þessa sekt í jarðabókarsjóðinn, og hefir stjórnarráðið hlutast um, að henni verði veitt þar móttaka.

6. marz.

16. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bókaskrá yfir bókasafn Reykjavíkur skóla.

Í bréfi dagsettu 26. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, lagt fram með:

- 1, að í sumar, er kemur, þegar bókasafn Reykjavíkur skóla verður flutt í hið nýja bókahús, verði allt bókasafnið vandlega rannsakað, og bókunum skipað niður og raðað í hillurnar þannig, að framvegis verði auðvelt að halda þeim í góðri reglu, og að það megi láta semja bókaskrá um allt það, sem bókasafninu hefir bætzt síðan 1862, þegar samin var skrá yfir bókasafnið eins og það þá var, og
- 2, að Jóni Árnasyni, umsjónarmanni í skólanum, verði falið starf þetta á hendur fyrir 150 til 200 rd. þóknun, og að stjórnarráðið fari þess á leit, að þessi upphæð verði veitt auk þess, sem veitt verður í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1869—70 til útgjalda handa skólanum, eða að það megi verja 150 til 200 rd. til þessa af fè því, sem væntanlega verður veitt í tæðum fjárhagslögum til bókakaupa handa skólanum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið fellst eptir atvikum á tillögur yðar, en samt svo, að þóknun sú,

sem veitt verður fyrir þenna starfa, fari ekki fram úr 100 rd., og að hún verði tekin af fé því, sem veitt verður til bóka-kaupa handa skólanum.

1869.
6. marz.

17. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um laun organleikarans í Reykjavíkur dómkirkju.

9. marz.

Í bréfi dagsettu 7. nóvembermán. f. á. hafið þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, hversu æskilegt það væri, að organleikaranum í dómkirkjunni í Reykjavík yrði útvegað viðbót við laun sín, sem nú eru að eins 80 rd. úr ríkissjóðnum fyrir þann starfa, og borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort því ekki fyndist vera tilefni til að reyna að koma til leiðar, að það verði ákvarðað með konungsúrskurði, að, þangað til málefni þessu verður komið fyrir með lagabóði, skuli annaðhvort söfnuðurinn greiða organleikaranum 120 rd. launaviðbót á ári, eða honum skuli veitt slík viðbót á einhvern annan hátt. Með álitsskjali dagsettu 14. desembermán. s. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað ofan nefnt bréf yðar, háæruverðugi herra, og lagt til með, að ákveðin verði föst laun handa organleikaranum með konungsúrskurði, og sèr í lagi, að honum verði veitt 120 rd. launaviðbót á ári, er að yðar hyggju mætti útvega annaðhvort á þann hátt, að helmingur hennar væri greiddur af árstekjum dómkirkjunnar og hinn helminginn gildi söfnuðurinn, eða á þann hátt, að söfnuðinum væri gjört að skyldu að borga alla launaviðbótina.

Um leið og þess fyrst skal getið, að organleikarinn í Reykjavík er ekki verr staddur, að því er snertir þóknun hans fyrir þenna starfa, en allflestir embættisbræður hans hér í konungsríkinu, þar sem organleikarastarfið að öllum jafnaði er að eins skoðað sem aukaatvinna, er maður ekki geti haft ofanaf fyrir sèr með, nema hann hafi aðra betur launaða atvinnu jafnframt — skal yður til vitundar gefið um þetta yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðinu ekki hefir virzt tilefni til að fallast á neina af